

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Gileyri í Tálknafirði, Vestur-Barðastrandarsýslu



Óskar Leifur Arnarsson
2015

Mynd 1: Forsíðumyndin sýnir Gileyrina. Fyrir miðri mynd er íbúðarhúsið á Gileyri. Í brekkunni aftan við það og upp af seiðaeldisstöð Bæjarvíkur eru rústir Sólbrekku. (Mót suðri. Ljósm. ÓLA).

© Óskar Leifur Arnarsson, nóvember 2015

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Gileyri í Tálknafjarðarhreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu.

Útgáfustaður: Patreksfjörður

Útgefandi: Óskar Leifur Arnarsson

Netfang: oskarar@gmail.com

Unnið fyrir Bæjarvík ehf.

Minjastofnun Íslands - auðkennisnúmer verkefnis: 1765

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
2. Markmið og aðferðir.....	3
Tilgangur fornleifaskráninga.....	3
Af hverju fornleifaskráning?.....	5
Fornleifaskráning og aðferðir.....	5
Staðardagskrá 21 - sjálfbær þróun.....	6
3. Sögulegt yfirlit.....	7
Eysteinseyri.....	8
Sólbrekka (Sólbakki).....	8
Gileyri.....	9
Röskun minja vegna framkvæmda.....	9
4. Niðurstöður.....	11
5. Heimildaskrá.....	13
6. Kort.....	15
7. Fornleifaskrá.....	17

1. Inngangur

Í júní var haft samband við undirritaðan vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi vegna seiðaeldisstöðvar Bæjarvíkur á Gileyri í Tálknafirði (landnúmer: 140293). Vettvangsathugun vegna fornleifaskráningar fór fram 18. júní og 3. júlí 2015. Skipulagssvæðið liggur neðan (vestan) við Tálknafjarðarveg nr. 617, á Gileyri sem er við ósa Gilsár sem rennur eftir Gili eða Gileyrargili. Áin er landamerki milli jarðanna Gileyrar og Eysteinseyrar. Stærð skipulagssvæðisins er um 14700 m².

Teiknistofan Hugsjón ehf. sér um deiliskuplagsvinnuna. Í skipulagsferlinu hafa orðið nokkrar breytingar á skipulagssvæðinu og mörk þess ráðast að nokkru vegna þessarar fornleifaskráningar.

Fiskeldi hefur verið starfrækt á Gileyri síðan um miðjan níunda áratug síðustu aldar.¹ Umrætt skipulag er vegna breytinga og stækkunar fiskeldisstöðvarinnar.

Vettvangsathugun og skýrsluskrif vegna fornleifaskráningarinnar annaðist Óskar Leifur Arnarsson fornleifafræðingur. Skýrsluhöfundur vill þakka öllum þeim sem aðstoðuðu á einhvern hátt.

Umrædd fornleifaskráning takmarkast við ofangreint deiliskipulag (sjá nánari mörk á korti í kafla 6, bls. 15). Hluti fornleifanna sem skráður var lág innan skipulagsreitsins á fyrri stigum vinnunnar. Ekki er um tæmandi upptalningu á fornleifum á jörðinni að ræða og fleiri fornleifar geta komið í ljós við framkvæmdir og jarðrask.

¹ Birgir Þórisson (2011): 339

2. Markmið og aðferðir

Tilgangur fornleifaskráninga

Lög um menningarminjar nr. 80/2012 eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang og kynni af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögunum, en í 16. gr., IV. kafla segir: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. ... Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 2. gr., I. kafla laganna eru þjóðminjar skilgreindar sem: „Þjóðminjar teljast jarðfastar minjar eða lausir gripir eða hlutir sem eru einstakir og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands.“ Í sömu grein eru þjóðarverðmæti skilgreind sem: „hvers konar munir, gripir, myndir, skjöl, handrit og bækur í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenska þjóðmenningu.“

Í 3. gr., I. kafla laganna eru fornminjar skilgreindar sem: „annars vegar forngrípir og hins vegar fornleifar. Forngrípir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.“

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skríðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,*
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,*
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,*
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir,*

- leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,*
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,*
 - f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,*
 - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,*
 - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,*
 - i. skipsflök eða hlutar þeirra.*

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

Um verndun fornleifa segir í 21. gr. VI. kafla: „*Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.“

Í 22. grein segir: „*Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.“*

Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti og minnst fjögura vikna fyrirvara ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar. Eins er hverjum þeim sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skylt að láta sömu stofnun vita án tafar (sjá 23. gr., VI. Kafla).

Ef óþekktar fornminjar koma í ljós, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli skal Minjastofnun Íslands gert viðvart svo fljótt sem unnt er.

Þá skal sá sem fyrir framkvæmdum stendur stöðva þær án tafar og hafa samband við Minjastofnun Íslands ef óþekktar fornminjar finnast á framkvæmdasvæði. Skriflegt leyfi Minjastofnunar Íslands þarf til að hefja framkvæmdir að nýju á fundarstað fornminja (sjá 24. gr., VI. kafla).

Af hverju fornleifaskráning?

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum við skipulagsvinnu og vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa og aukins kostnaðar á viðkomandi verki.

En það er ekki aðeins lagaleg ástæða fyrir því að fornleifar eru skráðar. Ástæður eins og fræðilegar, menningarlegar, siðferðislegar og sögulegar geta þar einnig komið til. Saga og minjar eru mikilvægur hluti af þjóðarímynd Íslendinga. Yngri rústir eru mikilvægar til að varpa ljósi á eldri minjar og búsetusögu svæðis. Til að yfirvöld sem fara með minjavörslu geti sinnt hlutverki sínu varðandi fornleifar, verða þau að hafa yfirsýn yfir hvaða minjar eru til og staðsetningu þeirra.

Fornleifarnar geyma upplýsingar sem hvergi annars staðar er að finna. Þessar upplýsingar eru ekki geymdar í handritunum eða safngripum. Upplýsingar um líf og störf genginna kynslóða og sögu persónanna sem landið byggðu. Einnig gefa fornleifarnar innsýn inn í daglegt amstur og lífsafkomu íbúanna. „Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, voru þessar rústir hluti af tilverunni og veruleikanum og þess vegna eru þær mikilvægar fyrir þjóðina, sögu hennar og ímynd. Ef hún eyðir þeim, eyðir hún hluta af sjálfri sér“²

Fornleifaskráning og aðferðir

Við undirbúning voru fyrirbyggjandi heimildir athugaðar, svo sem jarðabækur, örnefnaskrár og fornrit. Þá var einnig rætt við heimildarmenn. Fornleifaskráning á vettvangi var takmörkuð við það svæði sem verið er að deiliskipuleggja. Gengið var skipulega um svæðið. Hver minjastaður var hnitsettur (ÍSN93), honum lýst, ljósmyndaður og teiknaður þegar við átti.

Þá var einnig notast við hnitsetta loftmynd frá Loftmyndum ehf. til staðsetningar á fornleifum og farið var yfir eldri loftmyndir frá Landmælingum Íslands. Kortin eru unnin í QuantumGIS.

Hver minjastaður hefur sitt númer og ef fleiri minjar liggja á sama svæði eða tengjast fá þær

2 Bjarni F. Einarsson (2007): 7

hlaupandi undirnúmer. Megin reglan er að fornleifar teljast til minjaheildar ef 50 metrar eða minna er á milli þeirra. Í þessu tilviki eru allar minjarnar sem fundust á vettvangi hluti af sömu minjaheildinni, eyðibýlinu Sólbrekku og hafa þar af leiðandi fengið eitt aðalnúmer en 7 undirnúmer (fornleifar nr. 1:1-7).

Ekki má líta svo á að um tæmandi fornleifaskráningu á vettvangi sé að ræða og óþekktar fornleifar geta óvænt komið í ljós.

Staðardagskrá 21 - sjálfbær þróun

Árið 1992 sendi Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Rio de Janeiro frá sér ályktun. Ályktunin *Dagskrá 21* eða *Framkvæmdaáætlun 21* (e. *Agenda 21*) miðar að því að hvetja þjóðir heims til vitundarvakningar um sjálfbæra þróun.

Staðardagskrá 21 miðar að því að allar sveitastjórnir heimsins geri með sér áætlun um sjálfbæra þróun samfélagsins og þau verk sem vinna þarf til að ná þeim markmiðum. Sjálfbær þróun samfélags tekur mið af félagslegum, hagrænum, menningarlegum og vistfærðilegum þörfum núlifandi íbúa og komandi kynslóða. Tálknafjarðarhreppur er aðili að Staðardagskrá 21, en í áætlun sveitarfélagsins eru menningarminjar eða fornleifar ekki sérstaklega teknar fyrir.³ Í skipulagstillögu aðalskipulags Tálknafjarðarhrepps fyrir árin 2006-2018 er þess sérstaklega getið í kafla 1.8.1 um tengsl aðalskipulags við Staðardagskrá 21 að stefnu hafi ekki verið framfylgt er varðar verndun fornleifa og annarra menningarminja.⁴

Grundvöllur sjálfbærrar þróunar fornleifa er fölginn í ítarlegri fornleifaskráningu. Til að geta unnið að skipulagsgerð og tekið ákvarðanir um örlög þeirra minja sem finnast á tilteknu svæði, er nauðsynlegt að þekkja hvað finnst. Með skráningu fornleifa fæst vitneskja um hvort að stök rúst eða minjasvæði sé einstakt fyrir svæðið, hvort um sé að ræða fornleifar sem eru dæmigerðar og góður fulltrúi fyrir svæðið eða hvort um sé að ræða minjar sem á sér margar líkar. Þetta verður allt að liggja fyrir áður en ákvörðun um framhaldið er tekin, hvort minjar eigi að vernda sérstaklega eða förna og þessi vitneskja fæst einungis með fornleifaskráningu.⁵

³ Staðardagskrá 21 fyrir Tálknafjarðarhrepp (2008).

⁴ Yngvi Þór Loftsson o.fl. (2006): 14-15

⁵ Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir (2008): 9

3. Sögulegt yfirlit

Rétt er að geta þess að skýrsla þessi er gerð vegna fornleifaskráningar á tilgreindum deiliskipulagsreit á landamerkjum jarðanna Eysteinsæyrar og Gileyrar. Fornleifaskráningin nær einungis til lítils hluta jarðanna og er ekki sagnfræðileg úttekt á jörðunum. Verða hér því stuttlega raktar elstu heimildir um jarðirnar, en meiri áhersla lögð á sögu minja og atburða sem tengjast deiliskipulagsreitnum beint.

Um landnám svæðisins eru þrjár gerðir *Landnámabókar* nokkurnveginn samhljóma, en *Sturlubók* og *Hauksbók* nefna sérstaklega að norðurmörk landnámsins séu á Kópanesi og eru því aðeins fyllri en *Melabók*. Í *Melabók* segir: „Þorbjörn tálkni ok Þorbjörn skúma, synir Bøðvars bløðruskalla, námu Tálknafjörð ok Patreksfjörð hálfan; þeir höfðu enn fylgt Örlygi til Íslands.“⁶ Í *Sturlubók* / *Hauksbók* segir: „Þorbjörn tálkni ok Þorbjörn skúma, synir Bøðvars bløðruskalla, kómu út með Örlygi; þeir námu Patreksfjörð hálfan ok Tálknafjörð allan til Kópaness.“⁷ Ekki er ljóst hvernig þeir bræður skiptu landnámi sínu, en ætla má að Þorbjörn tálkni hafi fengið Tálknafjörð og fjörðurinn kenndur við hann.

Upp úr 1880 fór fólki að fjölga ört í Tálknafirði og talsvert um að fólk settist þar að sem þurrabúðar- eða lausamenn. Samþykki hreppsnefndar þurfti til búsetu, auk þess að sjá um veitingu byggingarleyfa.⁸ Skýringu fyrir þessari fólksfjölgun má líklega rekja til blómlegs atvinnulífs á svæðinu, aukinna umsvifa í sjávarútvegi og verslunar Péturs Thorsteinssonar á Bíldudal.⁹ Auk þess hófst rekstur hvalveiðistöðvar Norðmanna á Suðureyri við Tálknafjörð árið 1892.¹⁰ Um 20 nýbýli byggðust upp undir lok 19. og í upphafi 20. aldar í Tálknafirði. Meðal þessara býla eru Gileyri (Gildalseyri) og Sólbrekka¹¹ sem bæði eru innan skipulagssvæðis seiðaeldisstöðvar Bæjarvíkur.

6 Íslendingabók Landnámabók (1968): 175-6

7 Íslendingabók Landnámabók (1968): 175

8 Lýður Björnsson. (2009): 25

9 Lýður Björnsson. (2009): 26

10 Lýður Björnsson. (2009): 48

11 Lýður Björnsson. (2009): 29-30

Eysteinseyri

Eysteinseyrar (landnúmer: 140291) er getið í „Skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum þegar þær voru teknar undir konung“ árið 1446.¹² Þá kemur jörðin fyrir í sambandi við eftirmála þessa máls á fleiri stöðum í fornbréfasafninu. Eins er hennar getið í jarðaskiptabréfi frá 1558.¹³

Í doktorsritgerð Björns Lárussonar er mat jarðarinnar skráð 18-20 hdr. í lok 17. aldar.¹⁴

Jarðardýrleikinn er metinn 18 hdr. árið 1710 í *Jarðabók Árna og Páls*¹⁵ og er sá sami í *Jarðatali* Johnsens frá 1847.¹⁶ Í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* er fornt jarðamat Eysteinseyrar sagt vera 18 hdr. En nýtt jarðamat jarðarinnar sjálfrar var metið 10.7 hdr.¹⁷

Sólbrekka (Sólbakki)

Húsmannsbýlið Sólbrekka var byggt í landi Eysteinseyrar. Sólbrekku er fyrst getið undir reikningi „Tekna fátækra sjóðs Tálknafjarðarhrepps fardagaárið 1901-1902“ í *Sveitarbók fyrir Tálknafjarðarhrepp*. Fyrsta árið er býlið skráð undir nafninu Sólbakki en síðan breyttist nafnið í Sólbrekka og hélst þannig þar til byggð lagðist þar af en býlisins er síðast getið í reikningum fátækra sjóðsins fardagaárið 1906-1907.¹⁸ Að Sólbrekku bjuggu Gísli Gíslason og kona hans, Sigríður Kristjánsdóttir.¹⁹ Gísli var bróðir Bjarna Gíslasonar sem var bóndi á Eysteinseyri.²⁰ Rétt fyrir aldamótin 1900 hafði Gísli verið skráður til heimilis á Keldeyri sem er innanvert í landi Eysteinseyrar en byggð virðist ekki hafa haldist lengi þar.²¹

Nánar verður fjallað um minjar þær sem fundust á deiliskiuplagssvæðinu og tilheyra Sólbrekku í kaflanum um *röskun minja* hér á næstu síðu og eins í *fornleifaskránni* aftast í skýrslunni (kafla 7).

12 D.I. Íslenskt fornbréfasafn (1897), 4. bindi: 692

13 D.I. Íslenskt fornbréfasafn (1933-39), 13. bindi: 328-30

14 Björn Lárusson (1967): 196

15 Árni Magnússon og Páll Vídalín (1938): 342-343

16 J.Johnsen (1847): 184

17 Ný jarðabók fyrir Ísland (1861): 74

18 Sveitarbók fyrir Tálknafjarðarhrepp. (1887).

19 Lýður Björnsson (2009): 55, Birgir Þórisson (2011): 372

20 Birgir Þórisson (2011): 372

21 Sveitarbók fyrir Tálknafjarðarhrepp. (1887).

Gileyri

Gileyri (landnúmer: 140292) var upphaflega byggð upp á síðari hluta 19. aldar sem húsmannsbýli.²² Býlið taldist til 1/10 hluta af óskiptu landi Tungu²³ (þ.e. 2 hdr ný eða 3 hdr forn)²⁴ en reiknaðist sem hluti af Mið-Tungu. Nafn býlisins var fyrst Gildalseyri. Árið 1905 var svo landi Mið-Tungu skipt og landamerki Gileyrar tilgreind.²⁵

Ekki fundust neinar minjar á vettvangi innan skipulagsreitsins sem er í landi Gileyrar. Það eru þó sýnilegar minjar fyrir norðan deiliskipulagsreitinn í landi Gileyrar sem ekki voru skráðar.

Röskun minja vegna framkvæmda

Síðan að framkvæmdir hófust á staðnum um miðjan níunda áratug síðustu aldar er ljóst að þær hafa haft í för með sér að hluti svæðisins hefur breyst og minjar sem tilheyra eyðibýlinu Sólbrekku hafa skemmst eða hlutar þeirra verið fjarlægðir. Á loftmyndum má sjá að hlutar túngarðsins (nr. 1:5) hafa skemmst og horfið og hugsanlega einnig neðsti hluti leiðarinnar (nr. 1:7). Skoðaðar voru sjö loftmyndir frá Landmælingum Íslands sem teknar voru á árunum 1977 til 1991. Eins var stuðst við loftmynd frá Loftmyndum ehf. frá 2011. Á myndum Landmælinga frá 1977 og 1978 má sjá að norður veggur túngarðs Sólbrekku hefur líklega náð um 8 metrum lengra niður til vesturs og suður veggurinn um 9 metrum niður til vesturs. Ekki má greina á þessum eða yngri myndum merki um vestur vegg túngarðsins eða hvort þar hafi verið aðrar minjar. Hugsanlega hefur vesturveggurinn horfið vegna náttúrulegra breytinga á Gileyrinni vegna sjávar eða vatnavaxta í Gilsá.

Árið 1984 var fiskeldisfyrirtækið Þórslax hf. stofnað og setti það upp fiskeldisstöð m.a. á Gileyri.²⁶ Af loftmynd frá 1985 má sjá að töluverðar jarðframkvæmdir hafa verið gerðar á eyrinni; kominn er vegur niður á hana og fiskeldishús risið. Þessi vegaframkvæmd hefur orðið þess valdandi að hluti túngarðs Sólbrekku í norðvestur enda hefur eyðilagst. Af loftmynd Landmælinga frá 1988 má sjá að suðvestur endi túngarðsins virðist óraskaður. Síðasta loftmynd Landmælinga af svæðinu er tekin 1991, en hún er ekki nógu skýr til að hægt sé að greina umræddann hluta túngarðsins. Á loftmynd frá Loftmyndum ehf. sem tekin er árið 2011 er suðvestur endi túngarðsins horfinn og ljóst að hann hefur eyðilagst vegna framkvæmda einhverntímann á milli 1988 og 2011.


22 Birgir Þórisson ritstj. (2011): 375

23 Fasteignamat 1916-1918.

24 Birgir Þórisson ritstj. (2011): 375

25 Skv. uppskrift úr *Uppboðs og úttektabók fyrir Tálknafjarðarhrepp* sem er í förum Torfa Andréssonar á Gileyri.

26 Birgir Þórisson ritstj. (2011): 339



Mynd 2: Loftmynd Landmælinga Íslands frá 1978 sýnir rústir Sólbrekku áður en framkvæmdir hófust. Gula punktalínan sýnir horfnaog eða skemmda hluta túngarðsins. (Loftmynd LMÍ. Teikn. ÓLA).

Fyrir um tvemur árum síðan voru svo framkvæmdir á svæðinu og árfarvegi Gilár breitt. Við þessa framkvæmd hefur túngarðinum skemmst á um 8 metra kafla. Í gröfuförum sem þarna eru má sjá gripi og bein sem geta verið frá sama tíma og Sólbrekka var í byggð í upphafi 20. aldar.

Landeigendur Eysteinseyrar stöðvuðu þessa framkvæmd og létu hlífa minjunum.²⁷



Mynd 3: Norðvestur endi túngarðsins. Þar hafa minjar skaðast vegna framkvæmda. (Mót norðaustri. Ljós. ÓLA).



Mynd 4: Við suðvestur enda túngarðsins hefur svæðið verið lækkað og hluti túngarðsins horfið. (Mót suðaustri. Ljós. ÓLA).

²⁷ Marínó Bjarnason og Freyja Magnúsdóttir. Munnleg heimild.

4. Niðurstöður

Eitt af meginmarkmiðum fornleifaskráningar er að vera skipulagsyfirvöldum innan handar við að standa vörð um fornleifar og marka stefnu í minjavernd og skipulagsmálefnum. Fornleifaskráningu lýkur í raun aldrei, bæði vegna þess að nýjar, áður óþekktar minjar geta komið í ljós og eins vegna aldurskilgreiningar á fornleifum í lögum um menningarminjar. Samkvæmt þeim teljast fornleifar vera hvers kyns mannvistarleifar 100 ára og eldri og því bætast nýjar minjar árlega við.

Fornleifaskráin hér á eftir telur 10 stakar fornleifar. Þar af eru 8 þeirra á einu minjasvæði innan skipulagsreitsins í landi Eysteinsýr og heimild um tvo minjastaði sem fundust ekki við vettvangsathugun. Minjarnar eru rústir eyðibýlisins Sólbrekku (nr. 1:1-8) sem var í byggð á fyrsta áratug 20. aldar. Vegna aldurs teljast minjarnar friðaðar samkvæmt *Lögum um menningarminjar nr. 80/2012* og njóta þess vegna 15 metra friðhelgi út frá ystu mörkum, nema Minjastofnun Íslands ákveði annað. Engar minjar fundust á vettvangi innan skipulagsreitsins í landi Gileyrar.

Deiliskipulagsreiturinn er vestan við minjasvæðið en suðvestur horn þess lendir innan skipulagsreitsins. Samkvæmt skipulagstillögunni stendur þó ekki til að byggja inn á óröskuðum hluta minjasvæðisins. Hins vegar munu byggingareitirnir lenda innan 15 metra friðhelga svæðisins, en sá hluti er þegar raskaður (fornleifar nr. 1:5, 1:7 og 1:8) vegna fyrri framkvæmda. Vegna nálægðar við framkvæmdasvæði og til að vernda minjarnar nánar væri hægt að merkja þær sérstaklega á framkvæmdatíma. Eins má hugsa sér að við hönnun bygginga verði minjarnar hafðar í huga og hæð nýrra bygginga og aðrar nýframkvæmdir skerði ekki útsýni og upplifun staðarins.

Minjarnar eru frá þeim tíma þegar þéttbýlismyndun hófst á svæðinu. Undirrituðum er ekki kunnugt um svipaða minjaheild sem er eins vel varðveitt í næsta nágrenni. Flestar hafa þær eflaust þróast eða horfið við framkvæmdir. Varðveislugildi minjasvæðisins telst því mikið í sögulegu samhengi fyrir svæðið.

Ekki eru heimildir um eldri byggð á staðnum, en reynslan hefur sýnt að undir yngri minjum leynast oft eldri minjar. Því ber að leggja áherslu á að samkvæmt *menningarminjalögum* ber að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við jarðrask á framkvæmdatíma.

Patreksfirði, 16. nóvember 2015.
Óskar Leifur Arnarsson

5. Heimildaskrá

- Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1938). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Dala- og Barðastrandarsýsla*. VI. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið. Ljósprentuð útgáfa 1983.]
- Birgir Þórisson (ritstj.). (2011). *Vestfjarðarit III. Fólkið, landið og sjórinn. Vestur-Barðastrandarsýsla 1901-2010*. Útgáfufélag Búnaðarsambands Vestfjarða.
- Bjarni F. Einarsson. (2007). „Minjavernd er umhverfisvernd.“ *Eldjárn*. 2. árg. 1. tbl., bls. 6-8
- Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir. (2008). *Fornleifaskrá Reykjanesbæjar*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.
- Lýður Björnsson. (2008). „Saga Tálknafjarðar.“ *Árbók Barðastrandarsýslu*. 19. árg., bls. 9-69.
- Lýður Björnsson. (2009). „Tálknafjörður um aldamótin 1900.“ *Árbók Barðastrandarsýslu*. 20. árg., bls. 25-73.
- Björn Lárusson. (1967). *The old icelandic land registers*. Lund: C.W.K. Gleerup.
- Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn*. 4. bindi. 1265-1449. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn, 1897.
- Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, ...* 13. bindi. 1555-1562. Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1933-1939.
- Staðardagskrá 21 fyrir Tálknafjarðarhrepp*. (2008).
http://www.talknafjordur.is/skrar_og_skjol/skra/294/
- Yngvi Þór Loftsson, Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir. (2006). *Tálknafjarðarhreppur. Aðalskipulag 2006-2018. Skipulagstillaga*. Landmótun.
http://www.talknafjordur.is/skrar_og_skjol/skra/306/
- Haraldur Matthíasson. (1982). *Landið og Landnáma*. I. bindi. Reykjavík: Örn og Örlygur hf.
- Ingivaldur Nikulásson. (1942). „Tálknafjörður og Arnarfjörður að vestan.“ Í Kristján Jónsson (bjó til prentunar), *Barðstrendingabók* (bls. 111-121). Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja h.f.
- Íslendingabók Landnámabók*. (1968). Jakob Benediktsson (gaf út). Íslensk fornrit, I. bindi. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn.
- Jóhann Skaptason. (1959). *Árbók Ferðafélags Íslands 1959. Barðastrandarsýsla*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
- Lög um menningarminjar* nr. 80, 29. júní 2012. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>
- Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprilmánaðar 1861*. (1861). Kaupmannahöfn: [Jarðabókaútgáfan].
- Oddgeir Isaksen og Orri Vésteinsson. (2015, 21. október). „Fornleifar þurfa ekki að koma á óvart.“ *Fréttablaðið*, bls. 15.
- Skráningarstaðlar fornleifa*. (2013). Minjastofnun Íslands.
http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

Sóknalýsingar Vestfjarða. 1. Barðastrandarsýsla. (1952). Samband vestfirzkra áttahagafélaga, Reykjavík.
Þjóðskrá Íslands. (e.d.). *Fasteignaskrá*. Sótt 10. október 2015. <http://www.skra.is>
Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. (e.d.). Fasteigna- og jarðamat: *Fasteignamat 1916-1918 – Undirmat, V-Barðastrandarsýsla*. Sótt 4. júlí 2015. <http://jardavefur.skjalasafn.is/fasteigna--og-jardamat/#pg-1>

Örnefnaskrár:

Örnefnaskrá - Eysteinseyri. Ari Gíslason skráði.
Örnefnaskrá – Tunga og Gíleyri. Jónína Hafsteinsdóttir. 1978.

Óútgefið:

Teiknistofan Hugsjón ehf. Drög að deiliskipulagi og uppdrættir.
Svarbréf Magnúsar A. Sigurðssonar, minjavarðar hjá Minjastofnun Íslands, til Óskars Arnar Gunnarssonar, skipulagsfulltrúa Tálknafjarðarhrepps. 10. febrúar 2015. [MÍ201502-0032/M.A.S.]
Sveitarbók fyrir Tálknafjarðarhrepp. (1887).
Uppboðs og úttektabók fyrir Tálknafjarðarhrepp. (1905). (Uppskrift í förum Torfa Andréssonar).

Munnlegar heimildir:

Freyja Magnúsdóttir, Eysteinseyri (f.1959)
Marínó Bjarnason, Eysteinseyri (f.1953)
Torfi Andrésson, Gíleyri (f.1950)

Myndir:

Landmælingar Íslands, loftmyndir nr.:

- 1977_LMI_F10-F-1770
- 1978_LMI_F18-F-3259
- 1983_LMI_H06-H-1358
- 1985_LMI_J20-J-4182
- 1986_LMI_J31-J-7020
- 1988_LMI_K15-K-8314
- 1991_LMI_L26-L-7171


Loftmyndir ehf., loftmynd frá árinu 2011.

Þorsteins Jósepssonar (ljósmyndari). Safn ljósmynda úr ferð um Barðastrandarsýslur árið 1939.
Varðveittar hjá Sýslumanninum á Patreksfirði sem gaf heimild fyrir birtingu ljósmynda.

Kort:

Generalstabens topografiske Kort (1915). *13 NV. Barðaströnd - Hálfðán*. 1:50.000. Kaupmannahöfn: Generalstabens topografiske Afdeling.
Generalstabens topografiske Kort (1915). *3 NA. Sauðlauksdalur - Vatneyri*. 1:50.000. Kaupmannahöfn: Generalstabens topografiske Afdeling.

6. Kort



7. Fornleifaskrá

Aðalnr. skýrslu	1
Undirnr. skýrslu	1-8
Verknr. MÍ	1765
Fornleifanr. MÍ	1765 - 2-9

Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla
Sveitarfélag	Tálknafjarðarhreppur
Hreppur nr.	4604
Landareign	Eysteins eyri
Landnúmer	140291

Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson
Heimsótt	18.06.2015
GPS hnit	A278915 N576930
Hnitakerfi	ISN93
M.y.s.	4-14 m
Skekkja	0,5 m

Sérheiti / örnefni	Sólbrekka
Minjaheild	Eyðibýli
Tegund	tóft
Tegund annað	heimild
Hlutverk	býli
Hlutverk annað	
Aldur	1901-1907

Friðlýst?	Nei
Friðlýsa?	Nei
Varðveislugildi	Hátt


Minjaspjöll?	Já
--------------	----

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar
Horfin	vegna rask
Hættumat	Mikil hætt
Hættuorsök	framkvæmdir

Veggjahæð	
Breidd	50 m
Lengd	50 m

Gróður	mólendi
--------	---------

Lýsing: Rústir bæjar- og útihúsa húsmannsbýlisins Sólbrekku, en þar var búið á fyrsta áratug 20. aldar. Minjarnar eru í mólendi sem hallar til vesturs. Þær eru afmarkaðar af túngarði á þrjá vegu (norður, austur og suður), en að neðanverðu (vestur hluta) er túngarður ekki sýnilegur og ekki vitað hvort hann hafi verið til staðar þar. Í dag er svæðið um 50 x 50 metrar að stærð. Við skoðun á loftmyndum og viðtali við heimildarmann er ljóst að vesturhluti minjasvæðisins hefur raskast vegna framkvæmda og hugsanlega vatnsrofs. Eins hefur norðvestur hluti túngarðsins skaðast mikið á um 8 metra kafla vegna framkvæmda nýlega. Meðfram austurhlíð minjasvæðisins, um 10 metrum frá því, hefur jarðstrengur verið plæður í jörð. Hann liggur því innan 15 metra friðhegaðs svæðis sem fornleifarnar njóta samkvæmt menningarminjalögum. Í örnefnaskrá Eysteins eyrar segir: „Og út með sjó, rétt innan við Gileyri, eru tóftir af gömlu býli, Sólbrekka. Upp með fellinu liggur vegur, sem heitir Hálfðánarvegur. Áin sem rennur eftir Gildal og er á merkjum móti Gileyri heitir Gil.“ (Ö-Eysteins eyri). Í örnefnaskrá Tungu og Gileyrar segir: „Á merkjum móti Eysteins eyri er svonefnt Gil. eða Gileyrargil, sem kemur eftir Gilsdal. Gil er samkvæmt örnefnaskrá Helga Guðmundssonar um Eysteins eyri einning nefnt Gilsdalsgil og á kortum Gilsá. Fyrir botni Gilsdals er brekka eða hnúkur, sem heitir Bruni, Bruni er framar en Sólbrekka, sem er í landi Eysteins eyrar, hinum megin við Gilið.“ (Ö-Tunga og Gileyri).



Mynd 5: Uppdráttur af eyðibýlinu Sólbrekku. Guli punkturinn (nr. 1:8) og punktalinurnar eru horfnir og eða skemmdar fornleifar. (Teikn. ÓLA).



Mynd 6: Bæjarstæði Sólbrekku með hlöðnum túngarði fyrir miðri mynd. Nær er bærinn Gileyri og hægra megin sést í seiðaeldisstöð Bæjarvíkur. (Mót suðsuðvestri. Ljós. ÓLA).

Fornleifaskrá

Aðalnr. skýrslu	1
Undirnr. skýrslu	1
Verknr. MÍ	1765
Fornleifanr. MÍ	1765-2

Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla
Sveitarfélag	Tálknafjarðarhreppur
Hreppur nr.	4604
Landareign	Eysteinseyri
Landnúmer	140291

Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson
Heimsótt	18.06.2015
GPS hnit	A278930 N576936
Hnitakerfi	ISN93
M.y.s.	13 m
Skekka	0,5 m

Sérheiti / örnefni	Sólbrekka
Minjaheild	Eyðibýli
Tegund	tóft
Tegund annað	heimild
Hlutverk	hibýli
Hlutverk annað	
Aldur	1901-1907

Friðlýst?	Nei
Friðlýsa?	Nei
Varðveislugildi	Talsvert


Minjaspjöll?	Nei
--------------	-----

Ástand	Heillegar fornleifar
Horfin	Nei
Hættumat	Mikil hætta
Hættuorsök	framkvæmdir

Veggjahæð	0,5-0,7 m
Breidd	6,0 m
Lengd	9,0 m

Gróður	mólendi
--------	---------

Lýsing: Rústin er staðsett í austurhluta túnsins, u.þ.b. fyrir miðju, en neðan við rústir 1:2 og 1:3. Stærð um 6 x 9 metrar (N-S) að utanmál. Veggir úr torfi og grjóti og þykkt þeirra um 1,0-1,5 metri. Hleðsluhæð allt að 0,7 metrar. Rústin er líklega af bæjarhúsinu sem hugsanlega hefur verið timburhús á hlöðnum grunni. Tvö op eru á vestur hliðinni og frá öðru þeirra má greina slakka eða lægð sem liggur niður túnið sem hugsanlega er gata (nr. 1:7).



Mynd 7: Nærmynd af húsabyrpingunni í austurhluta túnsins. (Teikn. ÓLA)



Mynd 8: Rúst 1:1, sem líklega er grunnur íbúðarhússins. (Mót norðri.Ljósm. ÓLA).

Fornleifaskrá

Aðalnr. skýrslu	1
Undirnr. skýrslu	2
Verknr. MÍ	1765
Fornleifanr. MÍ	1765-3

Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla
Sveitarfélag	Tálknafjarðarhreppur
Hreppur nr.	4604
Landareign	Eysteinseyri
Landnúmer	140291

Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson
Heimsótt	18.06.2015
GPS hnit	A278938 N576930
Hnitakerfi	ISN93
M.y.s.	14 m
Skekka	0,5

Sérheiti / örnefni	Sólbrekka
Minjaheild	Eyðibýli
Tegund	tóft
Tegund annað	
Hlutverk	útihús
Hlutverk annað	
Aldur	1901-1907

Friðlýst?	Nei
Friðlýsa?	Nei
Varðveislugildi	Talsvert

Minjaspjöll?	Nei
--------------	-----

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar
Horfin	Nei
Hættumat	Mikil hættu
Hættuorsök	framkvæmdir

Veggjahæð	0,5 m
Breidd	5,0 m
Lengd	8,5 m

Gróður	mólendi
--------	---------

Lýsing: Rústin er hlaðin upp við miðjan austurvegg túngarðsins (nr. 1:5) og u.þ.b. milli hans og rústar 1:1. Stærð um 5,0 x 8,5 metrar (N-S) að utanmáli og gólflöturinn að innan er um 3 x 6 metrar. Veggir úr torfi og grjóti og þykkt þeirra um 1,0 metri leðsluhæð allt að 0,7 metrar. Veggirnir eru hlaðnir á þrjá vegu, en að framan, mót vestri, er upphlaðinn stallur. Hugsanlega hefur vesturveggurinn verið timburþil eða grind. Austurveggurinn er hluti af túngarðinum og op í norðaustur horni, en ekki er vitað hvort það hefur verið upphaflega eða hvort veggurinn hafi rofnað þar. Mögulega hefur austurhlutinn verið stunginn inn í hallann til austurs til að ná sléttum gólffleti. Norður hlið byggingar 1:2 liggur upp að suður hlið byggingar 1:3. Þar er bunga sem gæti verið hrun veggja bygginganna eða uppbyggður stallur en mörkin óskýr og bygging 1:3 er ógreinilegri.



Mynd 9: Rúst 1:2 er hlaðin upp við austur hlið túngarsins (nr. 1:5). Viðhlið hennar fjær er svo rúst 1:3. (Mót norðaustri. Ljós. ÓLA).

Fornleifaskrá

Aðalnr. skýrslu	1
Undirnr. skýrslu	3
Verknr. MÍ	1765
Fornleifanr. MÍ	1765-4

Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla
Sveitarfélag	Tálknafjarðarhreppur
Hreppur nr.	4604
Landareign	Eysteinseyri
Landnúmer	140291

Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson
Heimsótt	18.06.2015
GPS hnit	A278938 N576938
Hnitakerfi	ISN93
M.y.s.	14 m
Skekkja	0,5 m

Sérheiti / örnefni	Sólbrekka
Minjaheild	Eyðibýli
Tegund	tóft
Tegund annað	
Hlutverk	útihús
Hlutverk annað	óþekkt
Aldur	1901-1907

Friðlýst?	Nei
Friðlýsa?	Nei
Varðveislugildi	Talsvert


Minjaspjöll?	Nei
--------------	-----

Ástand	Illgreinanlegar fornleifar
Horfin	ekki vitað
Hættumat	Mikil hætta
Hættuorsök	framkvæmdir

Veggjahæð	0,5 m
Breidd	4,5 m
Lengd	8,0 m

Gróður	mólendi
--------	---------

Lýsing: Rústin, mjög ógreinileg, er hlaðin upp við miðjan austurvegg túngarðsins (nr. 1:5) og norðan við nr. 1:2. Stærð um 4,5 x 8,0 metrar (N-S) að utanmáli. Suður hlið byggingar 1:3 liggur upp að norður hlið byggingar 1:2. Þar er bunga sem gæti verið hrun veggja bygginganna eða uppbyggður stallur en mörkin óskýr. Bungan eða stallurinn er úr torfi og grjóti, ásamt austurvegnum sem er hluti af túngarðinum. Norðurhluti byggingarinnar er að nokkru greinanlegur á loftmynd af svæðinu.



Mynd 10: Ógreinileg rúst 1:3 er fast norðan við nr. 1:2 og austan við nr.1:1. (Teikn. ÓLA).

Fornleifaskrá

Aðalnr. skýrslu	1
Undirnr. skýrslu	4
Verknr. MÍ	1765
Fornleifanr. MÍ	1765-5

Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla
Sveitarfélag	Tálknafjarðarhreppur
Hreppur nr.	4604
Landareign	Eysteinyeyri
Landnúmer	140291

Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson
Heimsótt	18.06.2015
GPS hnit	A278937 N576922
Hnitakerfi	ISN93
M.y.s.	14 m
Skekkja	0,5 m

Sérheiti / örnefni	Sólbrekka
Minjaheild	Eyðibýli
Tegund	tóft
Tegund annað	niðurgröftur með hleðslu
Hlutverk	útihús
Hlutverk annað	
Aldur	1901-1907

Friðlýst?	Nei
Friðlýsa?	Nei
Varðveislugildi	Talsvert

Minjaspjöll?	Nei
--------------	-----

Ástand	Greinanlegar fornleifar
Horfin	Nei
Hættumat	Mikil hætta
Hættuorsök	framkvæmdir

Veggjahæð	0,5 m
Breidd	3,5 m
Lengd	5,0 m

Gróður	mólendi
--------	---------

Lýsing: Rústin er staðsett í suðausturhluta túnsins, á norðurbakka lækjar sem rennur þar niður til vesturs. Stærð um 3,5 x 5,0 metrar (V-A) að utanmál. Byggingin hefur verið grafin inn í hallann til austurs og hlaðið upp að hluta. Dýptin fyrir miðri rúst er um 0,5 metrar, en hleðsluhæð allt að 0,3 metrar. Mögulega hefur nátturulegur slakki verið nýttur til byggingarinnar. Veggir eru mjög útflettir og þykkt þeirra um 1,0 metri.



Mynd 11: Rúst 1:4 er að hluta niðurgrafin inn í hallann til austurs. (Mótaustri. Ljós. ÓLA).

Fornleifaskrá

Aðalnr. skýrslu	1
Undirnr. skýrslu	5
Verknr. MÍ	1765
Fornleifanr. MÍ	1765-6, 1765-10 og 1765-11

Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla
Sveitarfélag	Tálknafjarðarhreppur
Hreppur nr.	4604
Landareign	Eysteinyeyri
Landnúmer	140291

Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson
Heimsótt	18.06.2015
GPS hnit	A278918 N576930
Hnitakerfi	ISN93
M.y.s.	4-14 m
Skekkja	0,5 m

Sérheiti / örnefni	Sólbrekka
Minjaheild	Eyðibýli
Tegund	garðlag
Tegund annað	
Hlutverk	túngarður
Hlutverk annað	
Aldur	1901-1907

Friðlýst?	Nei
Friðlýsa?	Nei
Varðveislugildi	Talsvert


Minjaspjöll?	Já
--------------	----

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar
Horfin	vegna rasks
Hættumat	Mikil hætta
Hættuorsök	framkvæmdir

Veggjahæð	0,7 m
Breidd	50 m
Lengd	50 m

Gróður	mólendi
--------	---------

Lýsing: Túngarður Sólbrekku er um 50 x 50 m að stærð. Hleðsluhæð er um 0,3-0,7 m og breidd um 1,0-1,5 m. Norðvestur hlutinn er á bakka Gilár, en sveigir svo beint upp hallann. Norður hliðin er um 50 m löng (VSV-ANA). Austur hliðin um 50 m löng (N-S). Þar er um 2 m breitt op sem er um 10 m frá norðaustur horni og rétt norðan við ógreinileg norðurmörk rústar 1:3. Suður hliðin er um 50 m löng (V-A). Á henni eru tvö op. Annað er við norð-austur horn og er um 2,5 m breitt. Hitt er rétt vestan við miðju og um 1,5 m breitt og töluvert hrúnið. Hleðslan er mest úr grjót en austur hliðin bæði torf og grjót og gæti sumstaðar hafa verið stungið innan úr til að auka hleðsluhæð. Austur hlið rústa 1:2 og 1:3 er hluti af túngarðinum. Um 12 m frá norðaustur horni túngarðsins að innaverðu er hlaðið aðhald eða rúst nr. 1:6. Á loftmyndum Landmælinga Íslands frá 1977 og 1978 lítur út fyrir að norður veggur túngarðs Sólbrekku hafi náð um 8 m lengra niður til vesturs en það er ógreinilegt (MÍ nr.1765-11). Eins sést að suður veggurinn náði um 9 m til vesturs (MÍ nr.1765-10). Líklega hefur norðvestur hlutinn skaðast við framkvæmdir um 1985 og suðvestur hlutinn einhverntímann á árunum 1988-2011. Samkvæmt heimildarmanni sveigði norðvestur hlutinn hins vegar meðfram gamla farvegi Gilár í átt að rúst 1:8 og hafa um 10-15 m horfið vegna framkvæmda (MÍ nr.1765-11). (Torfi Andrésen). Nákv. staðsetning er ekki þekkt. Fyrir um 2 árum hefur um 8 m langur hluti norður hliðarinnar verið rifinn með gröfu og eru ummerkin greinileg og gripir sjást í sárinu.



Mynd 12: Uppdráttur af eyðibýlinu Sólbrekku. Guli punkturinn (nr. 1:8) og punktalínurnar eru horfnir og eða skemmdar fornleifar. (Teikn. ÓLA).



Mynd 13: Séð frá seiðaeldisstöðinni yfir bæjarstæði Sólbrekku. (Mótaustri. Ljós. ÓLA).

Fornleifaskrá

Aðalnr. skýrslu	1
Undirnr. skýrslu	6
Verknr. MÍ	1765
Fornleifanr. MÍ	1765-7

Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla
Sveitarfélag	Tálknafjarðarhreppur
Hreppur nr.	4604
Landareign	Eysteinseyri
Landnúmer	140291

Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson
Heimsótt	18.06.2015
GPS hnit	A278925 N576954
Hnitakerfi	ISN93
M.y.s.	13 m
Skekkja	0,5 m

Sérheiti / örnefni	Sólbrekka
Minjaheild	Eyðibýli
Tegund	hleðsla
Tegund annað	tóft
Hlutverk	óþekkt
Hlutverk annað	skotbyrgi
Aldur	1900-1950

Friðlýst?	Nei
Friðlýsa?	Nei
Varðveislugildi	Lítið

Minjaspjöll?	Nei
--------------	-----

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar
Horfin	Nei
Hættumat	Mikil hætta
Hættuorsök	framkvæmdir

Veggjahæð	0,3 m
Breidd	1 m
Lengd	2 m

Gróður	mólendi
--------	---------

Lýsing: Rúst hlaðin upp við norðurvegg túngarðsins (nr. 1:5), um 12 metrum frá norðaustur horni hans. Grjótið í rústinni virðist minna en grjótið í túngarðinum. Hlutverk er óþekkt, en mögulega gæti þetta verið aðhald eða jafnvel skotbyrgi. Mannvirkið hefur verið hlaðið ofan við stórgrýti og þrengir það að hluta opið að neðanverðu. Hleðslan er um 2 metra löng (N-S) og 1 metra löng (V-A). Hleðsluhæð og breidd er um 0,3 metrar.



Mynd 14: Rúst 1:6 er hlaðin upp að norður vegg túngarðs (nr. 1:5) aðinnan og ofan við stórgrýti. (Mót norðvestri. Ljósm. ÓLA).

Fornleifaskrá

Aðalnr. skýrslu	1
Undirnr. skýrslu	7
Verknr. MÍ	1765
Fornleifanr. MÍ	1765-8

Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla
Sveitarfélag	Tálknafjarðarhreppur
Hreppur nr.	4604
Landareign	Eysteinseyri
Landnúmer	140291

Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson
Heimsótt	18.06.2015
GPS hnit	A278912 N576937
Hnitakerfi	ISN93
M.y.s.	5-13 m
Skekkja	0,5 m

Sérheiti / örnefni	Sólbrekka
Minjaheild	Eyðibýli
Tegund	gata
Tegund annað	
Hlutverk	leið
Hlutverk annað	
Aldur	1901-1907

Friðlýst?	Nei
Friðlýsa?	Nei
Varðveislugildi	Lítið

Minjaspjöll?	Já
--------------	----

Ástand	Greinanlegar fornleifar
Horfin	vegna rasks
Hættumat	Mikil hætta
Hættuorsök	framkvæmdir

Veggjahæð	
Breidd	0,5 m
Lengd	35,0 m

Gróður	mólendi
--------	---------

Lýsing: Niður frá suður opi rústar 1:1 liggur slakki eða rás niður túnið til vesturs. Hugsanlega er þetta troðin gata sem legið hefur niður að rúst 1:8 og til sjávar eða reiðgötunnar (nr. 2:1) sem lá í fjörunni og bæjarhúss Sólbrekku. Hin meinta gatan er um 0,5 metra breið og um 35 metra löng. Neðsti hluti hennar hefur líklega skaðast vegna framkvæmda á svæðinu.



Mynd 15: Fyrir miðri mynd er suður opið á rúst 1:1. Frá því má sjágrænann slakkann (nr. 1:7) sem sker sig úr með stefnu til hægri niður ásvarta braggann í seiðaeldisstöðinni. (Mót vestri. Ljós. ÓLA).

Fornleifaskrá

Aðalnr. skýrslu	1
Undirnr. skýrslu	8
Verknr. MÍ	1765
Fornleifanr. MÍ	1765-9

Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla
Sveitarfélag	Tálknafjarðarhreppur
Hreppur nr.	4604
Landareign	Eysteinseyri
Landnúmer	140291

Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson
Heimsótt	18.06.2015
GPS hnit	A278887 N576929
Hnitakerfi	ISN93
M.y.s.	4 m
Skekkja	10 m

Sérheiti / örnefni	Sólbrekka
Minjaheild	Eyðibýli
Tegund	heimild
Tegund annað	
Hlutverk	óþekkt
Hlutverk annað	
Aldur	1901-1907

Friðlýst?	Nei
Friðlýsa?	Nei
Varðveislugildi	

Minjaspjöll?	Já
--------------	----

Ástand	Ekki sést til fornleifa
Horfin	vegna rasks
Hættumat	
Hættuorsök	framkvæmdir

Veggjahæð	-
Breidd	-
Lengd	-

Gróður	
--------	--

Lýsing: Samkvæmt heimildarmanni var rúst 1:8 í hvolfi neðst í túni Sólbrekku. Þetta hvolf var á milli norðvestur hluta túngarðsins og lækjarins sem rennur í gegnum túnið. Börnin á bænum léku sér í þessari rúst og var þak á henni. Þetta hefur verið um 1960. (Torfi Andr sson). Ekki er hægt að greina rústina á eldri loftmyndum og ekki vitað hvenær h n hvarf. Þarna er komið malarplan og byggingar í dag. M gulega hefur r stin sta i  það ne arlega að hlaup í Gil  hafi ey ilagt hana. Eins g ti h n hafa horfi  vi  framkv mdir e a undir uppfyllingu   sv  inu. Aldur hennar og st r  eru  þekkt og ekki vita  hvort h n tilheyr i S lbrekku e a hvort h n var hla in sem leiksv  i fyrir b rnin   Gileyri. N kv m sta setning r starinnar er ekki þekkt, en h n hefur veri  innan 10 metra fjarlæg  fr  uppgefnum hnitapunkti. Fr  sy ra opi r star 1:1 liggur slakki e a r s ni ur t ni  til vesturs. Hugsanlega er þetta tro in gata sem legi  hefur ni ur   r st 1:8 og ni ur   sj  e a milli rei g tunnar (nr. 2:1) sem l    fj runni og b jarh ssins   S lbrekku.



Mynd 16: R st 1:8 hefur sta i  h gra megin fyrir mi ri mynd, u.þ.b. þarsem hv tu gamah sin og plani  kring er   dag. (M t. su vestri. Lj sm. LA).

Fornleifaskrá

Aðalnr. skýrslu	2
Undirnr. skýrslu	1
Verknr. MÍ	1765
Fornleifanr. MÍ	-

Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla
Sveitarfélag	Tálknafjarðarhreppur
Hreppur nr.	4604
Landareign	Eysteinseyri og Gileyri
Landnúmer	-

Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson
Heimsótt	18.06.2015
GPS hnít	-
Hnitakerfi	ISN93
M.y.s.	-
Skekkja	-

Sérheiti / örnefni	
Minjaheild	
Tegund	heimild
Tegund annað	
Hlutverk	leið
Hlutverk annað	
Aldur	

Friðlýst?	Nei
Friðlýsa?	Nei
Varðveislugildi	

Minjaspjöll?	
--------------	--

Ástand	Ekki sést til fornleifa
Horfin	
Hættumat	Ómetið
Hættuorsök	

Veggjahæð	
Breidd	
Lengd	

Gróður	
--------	--

Lýsing: Í Árbók Barðastrandarsýslu frá árinu 1959 segir: „Eysteinseyri er næsti bær utan við Hjallatún. ... Mýrlendi er hér í hliðarhallanum alla leið út að Hólsá, og er vel gróið land uhverfis býlin. Með sjónum eru lágir grónir bakkar. Fellur sjór þarna víða fast að bökkunum. Reiðvegurinn var áður í grýtttri fjörunni meðfram bökkunum og féll sjór víða á hann við flóð, og var hann stundum ófær við háflæði“ (Jóhann Skaptason, 1959: 142).

Á dönsku herforingjaráðskorti frá 1915 er leiðin sýnd í fjörunni út með Tálknafirði.

Ekki fundust nein ummerki um veg innan skipulagsreitsins.



Mynd 17: Myndin „Séð út Tálknafjörð“ birtist í Barðstrendingabók árið 1942. Myndina tók Þorsteinn Jósepsson á ferð sinni um Barðastrandarsýslur árið 1939. Ljósmyndir Þorsteins úr ferðinni eru varðveittar hjá Sýslumanninum á Patreksfirði og fékkst leifi þar fyrir birtingu hennar. Myndin gæti verið tekin fyrir innan Gileyri. (Ljós. Þorsteinn Jósepsson).

Fornleifaskrá

Aðalnr. skýrslu	3	Ástand	Ekki sést til fornleifa
Undirnr. skýrslu	1	Horfin	
Verknr. MÍ	1765	Hættumat	Ómetið
Fornleifanr. MÍ	-	Hættuorsök	
		Veggjahæð	
Sýsla	Vestur-Barðastrandarsýsla	Breidd	
Sveitarfélag	Tálknafjarðarhreppur	Lengd	
Hreppur nr.	4604		
Landareign	Eysteinseyri og Gileyri	Gróður	
Landnúmer	-		
Skrásetjari	Óskar Leifur Arnarsson	<i>Lýsing:</i> Í Barðstrendingabók segir: „ <i>Tæpum tveimur km. utar er Eysteinseyri, og þar rétt utan við býlið Gileyri. Þar liggur leið um fjallveginn Hálf dán niður í Bildudal.</i> “ (Ingivaldur Nikulásson, 1942: 112)	
Heimsótt	18.06.2015		
GPS hnit	-		
Hnitakerfi	ISN93		
M.y.s.	-		
Skekkja	-	<i>Í örnefnaskrá Eysteinseyrar segir: „Og út með sjó, rétt innan við Gileyri, eru tóftir af gömlu býli, Sólbrekka. Upp með fellinu liggur vegur, sem heitir Hálf dánarvegur. Áin sem rennur eftir Gildal og er á merkjum móti Gileyri heitir Gil.“ (Ö-Eysteinseyri).</i> <i>Í örnefnaskrá Tungu og Gileyrar segir: „Fram Gilsdal liggur aðalvegurinn milli Tálknafjarðar og Arnarfjarðar, Hálf dánarvegur. Gjarnan er talað um að fara Hálf dán. Þess má geta, að Hálf dánarvegur var áður sýsluvegur, en er nú þjóðvegur. Vegurinn liggur fram Gilsdal alla leið á Kjöl.“ (Ö-Tunga og Gileyri)</i> <i>Á dönsku herforingjaráðskorti frá 1915 er mörkuð leið upp með Gilsá yfir Hálf dán.</i> <i>Ekki fundust nein ummerki um veg innan skipulagsreitsins.</i>	
Sérheiti / örnefni	Hálf dán / Hálf dánarvegur		
Minjaheild			
Tegund	heimild		
Tegund annað			
Hlutverk	leið		
Hlutverk annað			
Aldur			
Friðlýst?	Nei		
Friðlýsa?	Nei		
Varðveislugildi			
Minjaspjöll?			